

Aðalfundur félags um menntarannsóknir haldinn þann 4. apríl 2024, haldið á Menntavísindasviði HÍ

Mættir úr stjórn: Tryggvi Thayer, Jóhann Örn Sigurjónsson, fundarstjóri, Anna Magnea Hreinsdóttir, Halldóra Pétursdóttir og Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Svava Björg Mörk og Sigríður Margrét Sigurðardóttir

- Skýrsla stjórnar – Anna Magnea, greindi frá skýrslu stjórnar og jafnframt var henni dreift til fundarmanna. Anna Magnea sagði m.a. þetta:
Stjórnin hélt 8 fundi í stjórnartíð sinni. 291 félagi skráður í félagi. Margir af félagsmönnum með óvirk netföng. 222 félagsmenn hafa greitt félagsgjöld. Heimasíða var uppfærð á árinu, þar er að finna helstu markmið og lög einnig heldur félagið úti FB. Félagið á fulltrúa í ýmsum félögum og ráðum. Íorðanefnd, tímarit um uppeldi og menntun, íslensku menntaverðlaunin. Fum stóð fyrir einum hádegisfundi á árinu. Áhugi að halda slíkan fund aftur sem var vel sóttur. Félagið hefur haldið 2 ráðstefnur. Önnur ráðstefnan verður haldin á morgun á háskólatorgi sem ber heitið Horft til framtíðar. Félagið var með borð á Menntakviku, ráðstefnu Menntavísindasviðs. Einnig hefur félagið sent inn umsagnir um mál svo sem áform um frumvörp, breytingar á aðalnámskrá grunnskóla, inngildandi menntun og fl.
- Jóhann gjaldkeri félagsins kynnir fyrir fundarmönnum og gerir grein fyrir ársreikningum, Starfsemi lá niðri í heimsfaraldri og því ekki rukkuð félagsgjöld. Heildarhagnaður og eigið fé alls 2209847. Einhver útgjöld verða varðandi málþingið á morgun. Eigið fé jókst næstum um helming.
- Lagabreytingar – engin erindi bárust um þennan lið. Ábending um gervigreind frá fundarfélaga.
- Ákvörðun félagsgjalda – þau hafa verið í 3000 kr. Voru 2000 kr. þegar félagið var stofnað. Lagt er til að félagsgjöld verði óbreytt. Merking greiðslu er Háskóli Íslands í heimabanka athugasemd frá fundarmanni. Gjaldkeri félagsins athugar, ætti að vera merkt FUM í heimabanka.
- Stjórnarkjör – ein breyting verður á stjórn en Sigríður Margrét fer úr stjórn eftir 4ra ára setu. Nýr í varastjórn er Bergljót Þrastardóttir.
- Kosning varatveggja skoðunarmanna reikninga – Margrét S. Björnsdóttir er annar skoðunarmaður og hinn verður áfram.
- Nefndarkjör – kemur fram skýrslunni hvernig því er háttað.
- Önnur mál
- Tryggvi fer yfir heimasíðu FUM, er með breyttu sniði t.d. er pláss á henni til að kynna sérstaka viðburði, er pláss sem hægt er að skipta út. Í stað þess að hoppa á milli síðna þá eru allar upplýsingar á sömu síðunni. Upplýsingar sem eru undir eru með sama hætti og áður. Ábendingar um að setja inn t.d. rannsóknir sem eru að fara í gang. Félagið hefur þó ekki rætt hvað það ætti að vera. Vera með ábendingar um t.d. tilnefningar og sérstaða menntarannsókna. Með hvaða hætti er hægt að auglýsa það sem er í gangi. Að láta heimasíðu og FB síðu tala betur saman, skýrari tengingar, auðvelt að tengja FB við alls konar síður.
- – að félagið finni sérsérstöðu, setja á dagskrá fyrir næsta fund varðandi lagabreytingu

Ábending varðandi markmið félagsins eru þetta markmið í raun eða einungis falleg orð á blaði. Jafnvel væri að endurskoða markmiðin og hvað ætti stjórnin að setja á oddinn.

Fundið slitið kl. 15.

Fundargerð ritaði Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir